

Fréttapistill frá forseta Íslands

16. ágúst 2021

Enn logar jarðeldurinn í Geldingadölum við Fagradalsfjall. Á björtu kvöldi sjást eldtungur glögg hédan frá Álftanesi, eins og víðar á höfuðborgarsvæðinu. Í nýliðinni viku færði ljósmyndarinn Iurie Belegurschi embætti forseta kynngimagnaða ljósmynd af eldgosinu, með Bessastaði í forgrunni. Iurie er fæddur og uppalinn í Moldóvu en hefur búið hér á Íslandi um árabil.

Björgunarsveitarfólk í Grindavík og víðar á Suðurnesjum hefur nú staðið í ströngu við gosstöðvarnar mánuðum saman. Þessir sjálfbóðaliðar eiga þakkir skildar fyrir þeirra mikla framlag. Sama má auðvitað segja um allt það sérhæfða einvalalið sem nú vinnur undir miklu álagi á gjörgæslu- og bráðadeildum sjúkrahúsanna. Þeir staðir eru glögg dæmi um mikilvægi vísinda og framfara í heimi hér, mikilvægi þekkingar og sérhæfingar.

Í dag eru rétt 80 ár frá heimsókn Winstons Churchill til Íslands, á leið hans heim til Bretlands eftir fund með Roosevelt Bandaríkjaforseta undan ströndum Nýfundnaland þar sem þeir undirrituðu Atlantshafssáttmálann þekktu um baráttu lýðræðisþjóða gegn einræði og kúgun hvarvetna. Klukkan fimm í dag tek ég þátt í stafrænu málþingi á vegum The International Churchill Society um heimsóknina, Atlantshafssáttmálann og skyld málefni. Hægt er að skrá sig á viðburðinn hér: <https://www.eventbrite.com/...>

Síðar í vikunni sækir ég alþjóðlega mannréttindaráðstefnu í Kaupmannahöfn og Malmö sem haldin er í tengslum við hátíðina Worldpride. Við Eliza flytjum erindi á ráðstefnunni og sækjum ýmsa viðburði. Dagskrá og aðrar upplýsingar má sjá hér: <https://copenhagen2021.com/worldpride/>. Þetta verður fyrsta utanför okkar hjóna frá því að heimsfaraldurinn komst í algleyming í byrjun síðasta árs.

Sunnudaginn 8. ágúst varð Júlían J. K. Jóhannsson Evrópumeistari í réttstöðulyftu í sínum flokki kraftlyftinga, og náði auk þess bronsverðlaunum í samanlagðri keppni allra greina. Í gær keppti lið Íslands til úrslita á Evrópumóti kvenna yngri en 17 ára, beið lægri hlut með einu marki en stúlkurnar stóðu sig með glæsibrag. Ég óska þessu flotta íþróttafólki til hamingju með góðan árangur.

Á laugardaginn var lék Víkingur Heiðar Ólafsson listir sínar á Proms, hinni þekktu tónlistarhátíð BBC í Royal Albert Hall í Lundúnum. Var hann þar landi og þjóð til sóma eins og vænta mátti. Á þriðjudaginn var naut ég klassískra tónleika í Reykholtskirkju í Borgarfirði þar sem ungt og upprennandi tónlistarfólk kom fram, Harpa Ósk Björnsdóttir, Jara Hilmarsdóttir, Romain Þór Denuit og Símon Karl Sigurðarson. Nánari upplýsingar má sjá hér: <https://snorrastofa.is/tonleikar-i-reykholtskirkju-thann-10-agust...>

Af vettvangi dagsins í síðustu viku vekja uggvænlegar fregnir af valdatöku Talíbana í Afganistan mikinn ugg. Til lengri tíma litið mun það einnig teljast til tíðinda á alþjóðavettvangi og hér heima fyrir að Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um

loftslagsbreytingar (IPCC) birti nýja skýrslu sína um hamfarahlýnun og breytingar á loftslagi jarðar. Um hana var talsvert rætt í fjölmiðlum og Tryggvi Felixson, formaður Landverndar, sagði meðal annars: „Ef verstu sviðsmyndir raungerast er framtíð mannlegs samfélags eins og við þekkjum það í mikilli hættu. En á móti koma hlutir sem gefa ástæðu til bjartsýni, eins og miklar tækniframfarir og víða eru ríkisstjórnir líka að boða breytingar sem lofa góðu. En það eru um leið svakalega sterkir hagsmunahópar sem hafa áhrif, ekki síst hér á Íslandi. En við skulum vera bjartsýn því tæknin er fyrir hendi og skilningurinn er vaxandi.“ Yfirlit Væðurstofu Íslands um skýrslu nefndarinnar má sjá hér: <https://www.vedur.is/um-vi/frettir/afdrattarlaus-skyrsla...>

Á miðvikudaginn var hlotnaðist okkur Elizu sá heiður að taka á móti hjónunum Jean Todt, forseta FIA, alþjóðasamtaka bifreiða-, akstursíþrótta- og samgöngufélaga, og Michelle Yeoh, leikkonu, kvikmyndaframleiðanda og sendiherra UNDP, Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna. Listamaðurinn Ólafur Elíasson er einnig meðal sendiherra UNDP og þá er Todt sendifulltrúi umferðaröryggismála fyrir hönd Sameinuðu þjóðanna. Við ræddum þau mál sérstaklega og þau áform FIA að stuðla að auknu umferðaröryggi um víða veröld.

Pennan dag buðum við hjónin keppendum Íslands á Ólympíumóti fatlaðra í Japan til kveðjuathafnar á Bessastöðum, ásamt föruneysi þeirra og forystusveit Íþróttasambands fatlaðra. Sex Íslendingar keppa á leikunum, þau Patrekur Andrés Axelsson og Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir í frjálsum íþróttum, Róbert Ísak Jónsson, Már Gunnarsson og Thelma Björg Björnsdóttir í sundi og Arna Sigríður Albertsdóttir í handahjólreiðum. Ég óska þeim öllum góðs gengis.

Fimmtudaginn 12. ágúst féllst ég á þá tillögu Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra að þing verði rofið og gengið til alþingiskosninga 25. september næstkomandi, nokkru áður en fjögurra ára kjörtímabili þingmanna lýkur. Ég hvet alla kjósendur til að nýta kosningarétt sinn.

Áður fyrr gat ákvörðun um þingrof valdið miklum usla og illdeilum í íslenskum stjórnámálum. Eftir stjórnarskrárbreytingar 1991 halda þingmenn umboði sínu þótt þing verði rofið og breytir það eðli þingrofs og mikilvægi til muna. Verði þing til dæmis rofið að tillögu forsætisráðherra en gegn vilja meirihluta á Alþingi væri þeim meirihluta kleift að lýsa yfir vantrausti á ríkisstjórn forsætisráðherrans og ná samkomulagi um nýja stjórn. Sú var ekki raunin fyrr á tíð. Sömuleiðis er það jafnvel stjórnskipulegt álitamál hvort nýr forsætisráðherra gæti þá lagt fram tillögu um afturköllun þingrofs.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.